



## Minnisblað

---

**Varðandi:** Útreikning afsláttar hjá elli- og örorkulífeyrisþegum árið 2019.  
**Málsnr.** 1901180  
**Dags.:** 10. janúar 2019

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr.4/1995, er í II. kafla 4.mgr. 5.gr. þar sem fjallað er um lækkanir og/eða niðurfellingar á fasteignaskatti segir:

*Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.*

Akraneskaupstaður hefur sett reglur um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega. Síðustu reglur eru staðfestar 23.01.2018.

Í 7.gr. reglna um lækkun og niðurfellingu er fjallað um tekjuviðmið sem þar segir:

### 7. gr.

Afslátturinn reiknast af fasteignaskatti og ræðst fjárhæð afsláttar af skattframtali síðasta árs sem Ríkisskattstjóri notaði til álagningar gjalda haustið fyrir álagningu fasteignagjalda. Til tekna teljast tekjur sem mynda stofn til tekju- og útsvarstofns að viðbættum fjármagnstekjum.

Tillaga að viðmiðunarupphæðum fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir 8,7% hækkun á tekjuviðmiði á árinu 2016. Það er hækkun launavísitölu frá ársbyrjun 2016 til ársbyrjun 2017:

### Hjá einstaklingum:

Tekjur allt að	kr. 3.891.000	100% niðurfelling – mánaðartekjur kr. 324.250,-
Tekjur yfir	kr. 5.386.000	0% lækkun – mánaðartekjur kr. 448.833 og yfir.
Niðurfellingin/lækkunin	lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum.	
Mismunur	kr. 1.495.000	notað sem hlutfallsstuðull

### Hjá hjónum:

Tekjur allt að	kr. 5.448.000	100% niðurfelling – mánaðartekjur kr. 454.000,-
Tekjur yfir	kr. 7.540.000	0% lækkun – mánaðartekjur kr. 628.333 og yfir.
Niðurfellingin/lækkunin	lækkar hlutfallslega með hækkandi tekjum.	
Mismunur	kr. 2.092.000	notað sem hlutfallsstuðull



## Akraneskaupstaður

Dæmi: Einstaklingur er með árstekjur kr. 4.100.000.-

Útreikningur  $4.100.000 - 3.891.000 = 209.000/1.495.000 = 14,00 - 100 = 86,00\%$  lækkun.

Dæmi: Einstaklingur er með árstekjur kr. 4.500.000,-

Útreikningur  $4.800.000 - 3.891.000 = 909.000/1.495.000 = 60,80 - 100 = 39,20\%$  lækkun.

Dæmi: Hjón/samb.fólk eru með árstekjur kr. 6.300.000.-

Útreikningur  $6.300.000 - 5.448.000 = 852.000/2.092.000 = 40,73 - 100 = 59,27\%$  lækkun.

Dæmi: Hjón/samb.fólk eru með árstekjur kr. 6.900.000,-

Útreikningur  $6.900.000 - 5.448.000 = 1.452.000/2.092.000 = 69,41 - 100 = 30,59\%$  lækkun.

**Til skoðunar:** Miðað við þessa hækkun má gera ráð fyrir að hækka þurfi með viðauka upphæð til niðurgreiðslu fasteignagjalda aldraðra og öryrkja, en í áætlun var liðurinn hækkaður um 2,9%.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Þorgeir Hafsteinn Jónsson

Fjármálastjóri